

Borgarráð

Sjálfsbjörg - viljayfirlýsing

Lagt er til að borgarráð samþykki meðfylgjandi viljayfirlýsingu, milli Sjálfsbjargar og Reykjavíkurborgar, um að hefja sameiginlega vinnu við nýtt deiliskipulag lóðar Sjálfsbjargar við Hátún með það að markmiði að Sjálfsbjörg geti byggt þar upp þjónustu til framtíðar.

Greinargerð

Viljayfirlýsing þessi er gerð að frumkvæði Sjálfsbjargar en mikil stefnumótunarvinna hefur farið fram innan félagsins varðandi framtíð þess. Að taka svæðið til skipulag fellur vel að þeim áformum sem uppi eru varðandi aðra nálæga reiti. Unnið er að nýju deiliskipulagi á Laugavegi 168 til 176. (Hekla og gamla sjónvarpshúsið) Þá hafa eigendur Hátúns 6a einnig óskað eftir því að lóð þeirra verði skoðuð ásamt svæði sem Reykjavíkurborg á þar við hliðina.

Lóðin Hátún 10-14 er 41.479 fermetrar að stærð og var leigð af Reykjavíkurborg til Sjálfsbjargar, landssambands fatlaðra og Öryrkjabandalags Íslands með bréfi dags. 18. maí 1965. Þann 18. febrúar 1966 undirrita síðan forsvarsmenn ÖBÍ og Sjálfsbjargar samkomulag um skiptingu þessarar sameiginlegu lóðar að Hátúni 10-12. ÖBÍ og Sjálfsbjörg heimiluðu síðan ÍFR (Íþróttafélagi fatlaðra í Reykjavík) að byggja íþróttahús á lóðinni nr. 14 í byrjun sjöunda áratugarins.

Reykjavíkurborg mun tryggja samráð við ÖBÍ og Íþróttafélag fatlaðra í ferlinu þó svo þeir séu ekki aðilar að þessari viljayfirlýsingu.

Dagur B. Eggertsson

Hjálagt:
Viljayfirlýsing Sjálfsbjargar og Reykjavíkurborgar - DRÖG

Sjálfsbjörg landssamband hreyfihamlaðra og Reykjavíkurborg gera með sér svofellda

viljayfirlýsingu

um að vinna sameiginlega að þróun skipulagshugmynda og deiliskipulags
á lóð Sjálfsbjargar við Hátún 12 í Reykjavík

Sjálfsbjörg áformar byggingu nýs Sjálfsbjargarhúss á lóð Sjálfsbjargar við Hátún 12 í Reykjavík, auk 40 nýrra íbúða í tengslum við þá starfsemi. Meginástæða þess er sú að núverandi húsnæði mætir ekki lengur þörfum Sjálfsbjargar og þeirrar þjónustu sem Sjálfsbjörg veitir hreyfihömluðum, hvort sem um er að ræða búsetu eða dagþjónustu til skemmri eða lengri tíma eða þeirri margvíslegu annars konar þjónustu sem Sjálfsbjörg veitir. Auk þess þarfnast byggingin, sem er nánast hálfra aldrar gömul, umtalsverðs viðhalds sem eðlilegt væri að ráðast í tengt annarri notkun húsnæðisins. Reykjavíkurborg vinnur að uppbyggingu fjölbreytts húsnæðisframboðs og leggur áherslu á fjölgun íbúða á viðráðanlegu verði. Lykilþáttur í því er samvinna við félög sem ekki eru rekin í hagnaðarskyni. Áform Sjálfsbjargar um þróun reitsins og uppbyggingu í Hátúni falla vel að stefnu borgarinnar.

Sjálfsbjörg er félagasamtök sem eru ekki rekin í hagnaðarskyni og hafa aldrei og munu aldrei greiða út arð og Sjálfsbjargarheimilið er sjálfstæð stofnun á fjárlögum frá ríkinu, rekið af Sjálfsbjörg. Um 40 íbúðir verða tengdar húsnæði Landsmiðstöðvar hreyfihamlaðra (LH) sem verða áfram hluti af starfsemi Sjálfsbjargarheimilisins og eru þær að mestu fyrir íbúa sem njóta stuðnings frá starfsfólki Sjálfsbjargarheimilisins. Þær verða leigðar út og þá reknar á félagslegum forsendum og ætlaðar hreyfihömluðum sem þarfnast umtalsverðrar þjónustu/endurhæfingar og mundi leiga taka mið af reglum 12. gr. reglugerðar um stofnframlög ríkis og sveitarfélaga, húsnæðissjálfsseignarstofnanir og almennar íbúðir, nr. 555/2016. Bygging þeirra er hluti af fjárfestingarkostnaði Landsmiðstöðvar hreyfihamlaðra (LH).

Sjálfsbjörg á og rekur Sjálfsbjargarheimilið í húsnæði félagsins í Hátúni 12. Þar er margvísleg starfsemi og þjónusta sniðin að mismunandi þörfum hreyfihamlaðs fólks, sum rekin beint af Sjálfsbjargarheimilinu en önnur ekki. Má þar nefna búsetuúrræði með áherslu á langtímaendurhæfingu, þjónustu- og þekkingarmiðstöð, mötuneyti, hjálpartækjaleigu, sjúkráþjálfun, sundlaug, frumkvöðlasetur og NPA (notendastýrð persónuleg aðstoð) miðstöðina o.fl. Hugmyndafræði LH og Sjálfsbjargarheimilisins mun í framtíðinni byggja mun meira á áherslum endurhæfingar og fjölbreyttra búsetu- og þjónustuúrræða auk þess að efla þjónustu við stóran hóp hreyfihamlaðra í landinu. Í 26. grein samnings Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks er fjallað um hæfingu og endurhæfingu. Unnið er að því á vettvangi Sjálfsbjargarheimilisins að aðlagja starfsemina meira að þessum endurhæfingarmarkmiðum sem taka m.a. við þar sem bráðaendurhæfingu á LSH (Grensás) sleppir og styðja við fólk til sjálfsbjargar og vaxandi fjölda eldri borgara og annarra sem eru hreyfihamlaðir, tímabundið eða varanlega. Framtíðarsýn Sjálfsbjargar fellur vel að stefnu Reykjavíkurborgar um endurhæfingu og stuðning til sjálfsbjargar og sjálfsbjargar. Endurhæfing, skammtíma- og langtímabúseta auk margvíslegrar alhliða þjónustu fyrir hreyfihamlaða verður leiðarstefið í þessu verkefni.

Sjálfsbjörg hefur unnið að stefnumótun hvað varðar framtíðarhlutverk samtakanna og rekstur Sjálfsbjargarheimilisins og hvernig nýta má núverandi lóð og húsnaði í þágu framtíðaráforma Sjálfsbjargar. Sjálfsbjörg hefur jafnframt í samstarfi við Kanon arkitekta unnið að skipulagshugmynd sem miðar að því ná fram þessum markmiðum, að nýta betur byggingarmöguleika á lóð Sjálfsbjargar, ásamt því að breyta notkun núverandi húss. Reykjavíkurborg er sammála því að vinna í samstarfi við Sjálfsbjörg að þróun reitsins á grundvelli þeirrar vinnu sem fyrir liggur.

Auk bygginga fyrir starfsemi Sjálfsbjargar má gera ráð fyrir að á lóðinni megi byggja umtalsverðan fjölda lítilla íbúða sem gert er ráð fyrir að verði leigðar og seldar á almennum markaði, auk núverandi húss Sjálfsbjargar. Þeim verðmætum sem verða til við fyrirhugaðar skipulagsbreytingar og uppbyggingu mun Sjálfsbjörg ráðstafa til að fjármagna byggingu nýrrar Landsmiðstöðvar hreyfihamlaðra og byggingu um 40 íbúða, samtals um 9.000 fermetra, með því að selja eða leigja byggingarétt að íbúðum á svæðinu svo og af eldra húsi Sjálfsbjargar. Reykjavíkurborg hefur sett sér samningsmarkmið um þróun nýrra svæða í borginni og verða þau lögð til grundvallar af hálfu borgarinnar. Frekari samningur milli aðila liggja fyrir þegar drög að deiliskipulagi verða tilbúin.

Gert er ráð fyrir að Reykjavíkurborg fái kauprétt á 12 íbúðum á svæðinu á kostnaðarverði. Auk þess má semja um að Reykjavíkurborg geti leigt fleiri íbúðir af Sjálfsbjörg. Gatnagerðargjöld verða greidd af allri uppbyggingu á svæðinu samkvæmt reglugerð þar um.

Á grundvelli þessa hafa Sjálfsbjörg og Reykjavíkurborg ákveðið að vinna sameiginlega að þróun og skipulagningu á lóð Sjálfsbjargar við Hátún 12 og gerð deiliskipulags á reit Sjálfsbjargar við Hátún 12 sem yrði grundvöllur að framtíðaruppbyggingu samtakanna á lóðinni. Gert er ráð fyrir að Kanon arkitektar annist gerð deiliskipulagsins í samstarfi við aðila þessa samkomulags.

Sjálfsbjörg og Reykjavíkurborg munu skipa stýrihóp um þetta verkefni og í honum verða þrír fulltrúar frá hvorum aðila. Borgarstjóri skipar fulltrúa Reykjavíkurborgar í hópinn. Stefnt verður að því að hraða vinnu við undirbúning og gerð og samþykkt deiliskipulags og að það muni taka um 12 mánuði. Stefnt verði að því að hönnun og framkvæmdir hefjist að því loknu.

Reykjavík, xx október 2017

f.h. Reykjavíkurborgar

f.h. Sjálfsbjargar

Drög gerð 10.10.17